



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS  
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 141/1615*  
*komudagur 15.2.2013*

Alþingi  
Nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 15. febrúar 2013.

**Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum nr. 19/1940, með síðari breytingum (öryggisráðstafanir o.fl.) 141. löggjafarþing 2012 -2013. Þingskjal nr. 527 – 420. mál.**

Mannréttindaskrifstofu Íslands hefur borist til umsagnar ofangreint frumvarp um breytingu á ákvæðum almennra hegningarlaga er lúta að öryggisráðstöfunum o.fl.

Meginmarkmið frumvarpsins er að skerpa ákvæði almennra hegningarlaga um öryggisráðstafanir vegna þeirra sem fremja afbrot en ekki er unnt að beita refsingu vegna nánar tilgreindra ástæðna. Þá er leitast við að færa orðalag gildandi ákvæða um öryggisráðstafanir í nútímalegra horf og gera inntak þeirra skýrara og fyllra en verið hefur. Með því móti er ætlunin að auka gegnsæi lagareglna um öryggisráðstafanir og gera beitingu þeirra fyrirsjáanlegri.

MRSÍ fagnar frumvarpinu og telur löngu orðið tímabært að endurskoða þessi ákvæði og aðlaga þau þeirri þróun sem orðið hefur í þessum málum og í vernd mannréttinda hér á landi sem og í nágrannalöndum okkar. Í málum er varða svona mikilvæg réttindi sem frelsi einstaklinga eru er þó ljóst að við alla meðferð slíkra mála skal gætt meðalhófs og leitast við að beita vægustu úrræðum. Þá skal og bera fulla virðingu fyrir mannréttindum allra aðila máls.

Eftirfarandi athugasemdir skulu þó gerðar við frumvarpið;

Líkt og fjallað er um í athugasemdum með frumvarpinu er rétturinn til frelslis verndaður í 67. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944. Frelsi og mannhelgi nýtur einnig verndar fjölmargra alþjóðlegra mannréttindasamninga sem Ísland er aðili að. Í 5. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu (MSE) segir í 1. mgr.; „allir eiga rétt til frelslis og mannhelgi“. En þar eru jafnframt heimilaðar undanþágur frá þeirri vernd m.a. ef einstaklingur hefur verið dæmdur sekur af þar til bærur dómstóli, í e lið er að finna heimild til að setja mann í gæslu sem er andlega vanheill, áfengissjúklingur, eiturlyfjasjúklingur eða umrenningur. Í þennan e-lið er vísað til í athugasemdum við 5. gr. frumvarpsins þar sem núgildandi 66. og 67. gr.



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS  
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

hegningarlaganna eru felldar niður og lagt til „nýtt“ ákvæði sem er í raun 67. gr. með breytingum.

MRSÍ er að hluta til sammála þeim breytingum sem lagðar eru til í 5. gr. frumvarpsins, sérstaklega er lítur að því að fella niður núgildandi 66. gr. sem telja má úrelt og óþarft ákvæði. En þegar 67. gr. er skoðuð og þær heimildir sem í henni felast þarf aðeins að staldra við.

Þær breytingar sem lagt er til að verði gerðar á 67. gr. eru góðar að því leyti að þær þrengja ákvæðið talsvert og gera framkvæmd þess skýrari og markvissari. En hins vegar verður að líta til þess að ákvæðinu hefur í raun ekki verið beitt og líkur má telja á að slíkt ákvæði brjóti í bága við mannréttindasamninga s.s. samning Sameinuðu þjóðanna um borgaraleg og stjórnámálaleg réttindi (SBSR). Í þeim samningi er frelsi og mannhelgi verndað í 9. gr., þó segja megi að undantekningarnar þar séu að einhverju leyti rýmri en þær sem finna má í 5. gr. MSE. Í 1. mgr. 9. gr. SBSR segir að „allir menn eigi rétt til frelslis og mannhelgi og að ekki skuli svipta menn frelsi nema af þeim ástæðum og í samræmi við þær aðferðir sem ákveðið er í lögum“ Ekki er frekar fjallað um það á hvaða grundvelli slík lög skuli byggð þó sjálfgefið sé að þau þurfi að samrýmast öðrum ákvæðum samningsins.

Í 14. gr. sama samnings er fjallað um rétt manna fyrir dómstólum. Þar segir í 6. tl.; „*enginn skal þurfa að þola að mál hans sé rannsakað fyrir dómi eða honum refsað í annað sinn fyrir misgerð sem hann hefur þegar verið sakfelldur fyrir eða sýknaður af með lokadómi skv. lögum og réttarfari í sakamálum í því landi sem um ræðir.*“ Er þetta jafnframt ein af meginreglum réttarfars, þ.e.a.s. að ekki megi dæma/refsa fyrir sama verknað tvisvar „*ne bis in idem*“.

Ef ákvæði núgildandi 67. gr. verður ekki felld út heldur aðeins þrengt líkt og lagt er til með 5. gr. frumvarpsins er ljóst að hætta er á að mönnum verði í raun refsað aftur fyrir sama brot eða þá aðeins á grundvelli þess að mögulega muni hann, vegna fyrri hegðunar o.s.frv., í framtíðinni einhvern tímann gerast brotlegur við lög. Hið síðarnefnda brýtur þá gegn annarri meginreglu laga um að ekki megi refsa mönnum fyrir afbrot sem þeir hafa ekki framið. „Nulla poena sine crimine“ – engin refsing án afbrots.

Af athugasemdum með frumvarpinu verður ekki ráðið að svipað eða sams konar ákvæði sé að finna í löggjöf annarra Norðurlandabjódna og hlýtur því að vakna sú spurning hvers vegna ástæða er talin til að hafa slíkt ákvæði í lögum hér á landi. Sé ætlunin sú að mögulegt verði að dæma kynferðisbrotamenn með barnagirnd til að sæta öryggisráðstöfunum eftir afplánun refsidóma (sjá 3. mgr.1. kafla í athugasemdum við frumvarpið) þá telur MRSÍ að betur færi á því að sett yrðu í lög möguleg úrræði sem dæmd væru strax í upphafi. Það er að segja að einstaklingurinn yrði frá upphafi dæmdur í fangelsisrefsingu í ákveðinn tíma og svo eftir að fangelsisvist lyki tæki við tiltekin öryggisráðstöfun í ákveðinn tíma sem yrði svo endurmetin eftir það, sjá ákvæði 66. gr. laganna (sbr. 7. gr. frumvarpsins). Við ráðstafanir sem þessar verður þó ávallt að gæta að hagsmunum og réttindum einstaklingsins og ljóst er að ekki má með geðþóttaákvörðun takmarka frelsi einstaklings á þann hátt sem lagt er til heldur verður slík ákvörðun að grundvallast á vernd annarra og meiri hagsmuna. Slíkt mat hlýtur og að verða að gera af sérfræðingum sem til þess eru bærir.



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS  
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Komi til þess að frumvarpið verði samþykkt án þess að gerðar verði breytingar á 5. gr. þess, leggur MRSÍ áherslu á, komi til beitingar úrræða samkvæmt ákvæðinu, að ávallt verði gætt meðalhófs og að réttur einstaklingsins til frelsis og réttlátrar málsmeðferðar samkvæmt alþjóðlegum mannréttindasamningum og stjórnarskrá sé verndaður. Einnig er lagt til að í þeim tilvikum verði settar ákveðnar verklagsreglur og gott samstarf verði haft við sérfræðinga sem bærir eru að meta andlegt ástand viðkomandi einstaklinga.

Virðingarfyllst,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

-----  
Jóna Aðalheiður Pálmadóttir, lögfræðingur